



32. stjórnarfundur LH
12. september 2022 kl. 16:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Einar Gíslason og Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn. Lilja Reynisdóttir, Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Gréta V. Guðmundsdóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mættur: Þórður Ingólfsson formaður tölvunefndar LH

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 30. og 31. fundar

Þórður Ingólfsson formaður tölvunefndar LH kemur inn á fund.

2. Tölvukerfi fyrir félagatal aðildarfélaga LH – Sportabler Þórður Ingólfsson formaður tölvunefndar
Felix-kerfið hefur verið lagt niður og færa þarf félagatal aðildarfélaga LH yfir í annað kerfi sem Sportfengur getur sótt félagatalið í.

Tilboð hefur borist um aðgang aðildarfélaga LH að Sportabler Shop sem er skráningar og greiðslukerfi. Tilboðið hljóðar upp á rúmar kr. 1.700.000 á ári eða um 144 kr. fyrir hvern félagsmann á ári.

Afgreiðsla: Samþykkt að taka tilboði Sportabler. Tölvunefnd falið að vinna að innleiðingu kerfisins fyrir félagatal aðildarfélaga og tengingu þess við SportFeng.

Þórður Ingólfsson vikur af fundi.

3. Landsþing LH 2022

Hestamannafélagið Fákur býður til Landsþings 4.-5. nóvember nk. Frestur stjórnarmanna til að tilkynna hvort þeir gefi kost á sér er 7. október. Stjórn skipar þriggja manna kjörnefndar sem hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við sömu aðila og voru í kjörnefnd á landsþingi 2020 og bjóða þeim sæti í nefndinni.

4. Þolreið LH – Survive Iceland 2022 – skýrsla verkefnastjóra

Frestað til næsta fundar.

5. Skógarhólar - framkvæmdir

Hákon skýrði frá stöðu mála á Skógarhólum. Rekstur ársins lítur vel út og var aðsókn með ágætum. Nokkuð tjón hlaut af vatnsleka í húsinu sl. vetur og er brýnt að forða húsinu frá frekari skemmdum fyrir veturinn.

6. Landsmót 2022

Á næstu dögum verður fundur stjórnar LM ehf. með Rangárbökkum þar sem farið verður yfir hvernig til tókst með Landsmót 2022 og lagt verður fram bráðabirgðauppgjör.



Einnig er á döfnni fundur með stjórn Spretts þar sem farið verður yfir samninga og stöðu mála varðandi Landmót 2024.

7. Uppskeruhátíð

Verið er að leita tilboða í sali og veitingar. Dagsetningar sem koma til greina eru föstudagur 11. og föstudagur 18. nóvember.

8. Fundur NIHC - formannaráði Norðurlanda

Formannaráð Norðurlanda fundaði á Norðurlandamóti, á þeim fundi voru ræddar hugmyndir um að koma á sameiginlegu Evrópumóti Norðurlanda og Miðevrópulanda. Næstu fundir ráðsins eru fyrirhugaðir í október sem fjarfundur og í desember í Danmörku.

9. Reiðvegamála – fundu með samgönguráðherra

Formaður LH og formaður reiðveganeftndar LH áttu fund með Sigurði Inga Jóhannssyni innviðaráðherra um reiðvegamála. Ráðherra hefur hug á að skipa starfshóp með fulltrúum frá LH, ráðuneytinu og Vegagerðinni, sem hefur það hlutverk að greina þörfina á fjármagni til reiðvegaframkvæmda til lengri tíma. Hópurinn mun taka umsóknir í reiðvegafé LH til greiningar og vinna tillögur út frá þeim. Stefnt er á að starfshópurinn ljúki strafi sínu fyrir landsþing.

10. Öryggis- og tryggingátak

Tilraunir stjórnar til að fá tryggingafélög til samstarfs í öryggismálum hestamanna hafa ekki borið árangur. Finna þarf leiðir til að koma málunum á skrið án aðkomu þeirra.

11. Norðurlandamót – skýrslur landsliðsnefndarformanns og landsliðsþjálfara

Rætt var um skýrslur formanns landsliðsnefndar og landsliðsþjálfara um Norðurlandamót.

Siguroddur Pétursson fer fram á geiningu á því í hverju starf a-landsliðsþjálfara hefur falist frá því að samningur við hann var endurnýjaður. Ómar Ingi Ómarsson varamaður í stjórn LH óskar eftir að fært sé til bókar að honum þyki ósmekklegt hvernig A-landsliðsþjálfari gefur í skyn í skýrslu sinni að óregla hafi verið á landsliðmönnum áður fyrr.

Afgreiðsla: Samþykkt að boða til fundar með stjórn, landsliðsnefnd og starfsmönnum afreksmála og ræða stöðu afreksmála hjá LH og framtíðarsýn.

12. Önnur mál

a. Heimsókn til Háskólans á Hólum - Nýr skólastjóri Háskólans á Hólum óskar eftir fundi með stjórn LH.

c. Heimsókn til Þýska Íslandshestasambandsins IPZV – formaður hyggur á heimsókn til IPZV til að styrkja tengsl við þýska sambandið.

d. Starfmannamál – Hinrik Þór Sigurðsson hefur verið ráðinn verkefnastjóri afreks- og mótamála hjá LH. Hann hóf störf á skrifstofu þann 1. ágúst sl. í 60% starfshlutfall og er boðinn velkominn til starfa.

Fundi slitið kl. 18.42